

Í leit að Meistaraverkefni?

Auglýst er eftir meistaránema til að vinna 90 eininga verkefni við Verkfræði- og Náttúruvísindasvið Háskóla Íslands.

Verkefnið er unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og Lífvísindasetur Háskóla Íslands, og gengur undir nafninu

„Erfðabreytileiki í hvatberaerfðamengi laxa á Íslandi“

Nemandanum verður falið að einangra erfðaefni úr fjölda laxasýna úr lífsýna- og hreistursafni Hafrannsóknastofnunar frá mismunandi tímum í því markmiði að heilraðgreina hvatberaerfðamengi.

Í verkefninu verður erfðabreytileiki hvatberaerfðamengis lax kortlagður á landsvísu og mögulegar breytingar á hlutföllum arfgerða kannaðar í völdum stofnum.

Verkefnaleiðbeinendur eru Áki Jarl Láruson, Katrín Halldórsdóttir, & Leó Alexander Guðmundsson. Umsjónarkennari er Arnar Pálsson.

Umsækjendur sem vilja takast á við þetta verkefni eru beðnir um að senda ferilskrá (CV) og stutta kynningu sem lýsir áhuga umsækjanda á verkefninu á netfangið aki.jarl.laruson@hafogvatn.is

